

138
14. júní

AUGLÝSING

um merki og innsigli Reykjavíkurbæjar.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur á fundi sínum 6. júní 1957 samþykkt að taka upp merki fyrir Reykjavíkurbæ.

Merkið er: Tvær öndvegissúlur og þrjár öldulínur á gotneskjum skildi, markað með hvítu á heiðbláan grunn.

Öndvegissúlurnar eru táknaðar með einum saman útlínum og tveim þverlínum fyrir súlnahöfuð. Í hverri öldulínu eru fjórar öldur, ein sitt hvorum megin við súlur og tvær milli þeirra.

Hlutföll lita í merkingu eru: Lárétt við skjaldarrönd eins og: $1\frac{1}{4} - 1 - 2 - 1 - 1\frac{1}{4}$. Lóðrétt frá skjaldarrönd og á móts við skjaldarbrodd eins og: $2\frac{1}{4} - 5 \times \frac{1}{2} - 5\frac{1}{2}$. Súlnahöfuð eru jafnhliða ferhyrningar og bil milli þverstrika $\frac{1}{4}$.



Jafnframt því sem merki þetta er tekið upp fyrir Reykjavíkurbæ er innsigli bæjarins frá 28. janúar 1815 lagt niður og nýtt innsigli tekið upp með áðurgreindu merki í innsiglishring og áletruninni: INNSIGLI REYKJAVÍKUR.

Hvers konar notkun merkisins án leyfis bæjarstjórnar Reykjavíkur er óheimil.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 14. júní 1957.

Gunnar Thoroddsen.

139
30. júlí

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Eskifjarðarkauptún, nr. 82 10. apríl 1945.

1. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

- a. Skip, sem eru eign manna búsettra við hafnarsvæðið eða skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða hafnargjöld einu sinni á ári, sem hér segir:

Vélbátar yfir 5 rúmlestir brúttó, greiði kr. 10.00 af hverri brúttórúmlest, þó ekki yfir kr. 500.00 árlega.

Vélbátar undir 5 rúmlestum brúttó, greiði árlegt gjald kr. 50.00.

- b. Fiskiskip greiði kr. 0.30 af hverri nettórúmlest, þó ekki oftar en 5 sinnum á ári.